


# FJALLFARI.

| Kemur út annan hvern laugardag. Ekki minna en sex þétt pappírs arkir í hvert skipti. | 4. Árg.<br>4. Hefti.<br>1. Blað.<br>№ 10. | Uppsögn skrifleg. Ógild nema komin sé til ritnefndar fyrir 25 apríl ár hvert. |
|---|---|---|

Steinilaugard. 19 marz 1904

## Ritnefnd.

Einar Gíslason. Björn Guðmundsson.
Halldór Jónsson

# Nokkur orð um kartöflur.

Eptir Einar Gíslason.

Enda þótt að mèr að öllu leyti
[sé] ofvaxið að rita um þetta málefni
þá ætla eg nú samt að ráðast í að
fara nokkrum orðum um það, ef ekki
kynni að einhverjum af lesendum
Fjallfara hefði gaman af að lesa það
og má ske gagn, ef menn hugsaðu ei…
að rækta Kartöflur, og eg held að ef
nokkur garðrækt getur þrifist hjá okkur
Reykstrendingum, þá er það helzt
Kartöflur. En af hvaða ástæðum, munu
menn spyrja? Af þeim ástæðum er nú
skal greina. 1. Sýnist að þær þola mikið

meiri stormа en allar söfu tegun[dir]
sem mjög er hætt við að geti eið[ilagst]
lagst af veðrum, þegar nýlenið er að
planta út eða sá. Kartaflan ligg[ur]
dýpra niður og því eigi eins hætt við
þeim. 2að Kartaflan þolir meiri k[ulda]
að vorinu en kálrófur, og þriðja og
að það er langtum betra að verja þ[ær]
fyrir illgresi, en rófurnar,

Kartaflan eða jarðeplajurtin (So[lan-]
um tuberosum) telst til þeirrar famil[íu]
sem í grasafræðinni er kölluð So[lan-]
aceæ. Margar jurtir sem þessari [ætt]
eru heyra til, inni halda eitur ef[ni]
og þannig er með jarðeplin að þa[u]
inni halda eitur efni sem nefn[ist]
Solanin. Í jarðeplunum er eitur
þetta þó ekki minnstu vitund ska[ð-]
legt, með því við suðuna breyti[st]
það þannig að það verður ómeltan[legt]
og tekst því ekki upp í blóðið

Upprunalega eru jarðeplin komin frá
suðurhluta Ameríku, þau fundust
þar ca 1565 og voru sama ár flutt
flutt til norðurálfunnar, af mann-
sala nokkrum sem hét Hawkins, en
í það skyftið náðu þau þó engri út-
breyðslu. Það var ekki fyr en 15–20
árum síðar að þau aptur fluttust til
norðurálfunnar, og er það gjörði var
maður nokkur að nafni Frans Drake.
Hann tók þau í Virginíu og flutti til Eng-
lands. Eptir þetta náðu þau nokkri út-
breyðslu, enda þótt að hægt færi, þannig
er sagt að 1616 hafi þau fyrst komið
á borð Frakkakonungs. En fremur má sjá
hve ógnar lítil útbreyðsla þeirra hefir verið
því ekki komu þau til Þýzkalands fyr
en 1720 og til Svíþjóðar 1726, en þaðan
seinna til Norvegs og Danmerkur.
Í Danmörku voru jarðepli fyrst gróður-
sett 1743. Það var þýzkur prestur sem
nefndur er Lüders sem til þess varð–

flytja þau til Danmerkur og sá er fyrstur
gróðursetti jarðepli í íslenzka jörð var
prófastur Björn Halldórsson í Sauðlauksdal
þann 17 dag ágústm. 1758. +

Þótt jarðeplin væru þannig að nafninu
orðin kunn um miðja 18 öldina, mátti
svo að orði kveða að þau væru alþýðu
ókunn; nokkra útbreyðslu fengu
~~þa~~ þau þó hér á landi á árunum
1807 – 1814 fyrir þá sök að þá fluttist
svo lítið af kornmat inn í landið
er stafaði af ófriðnum er þá var milli
Dana og Engla.

Sá er fyrst stundaði að nokkru ráði
jarðeplarækt á norðurlandi mun hafa
verið Lever kaupmaður á Akureyri.
Hann byggði um eða eptir aldamótin

~ ~ ~ ~ ~ ~ ~ ~ ~ ~ ~ ~ ~ ~ ~

+ Um þetta atriði ber mönnum ekki saman
aðrir telja að próf. Björn hafi fyrst gróðursett
þau 6 ágúst 1759.

einnar dagsláttu stóran garð, sem
hefir reynst mæta vel. Jeg hefi heyrt
sagt að hann hafi fengið 70 tunnur af
kartöflum svo að segja árlega. Hér í Skaga-
firði hefir að öllum líkindum ekki víða verið
ræktaðar kartöflur að neinu ráði, því hefði
það verið þá er mjög sennilegt að það sægist
einhver staðar frekar leifar af jarðeplagörðum
en nú er. Sá líklegasti ~~sem~~ til þess að stunda
jarðeplarækt að nokkru ~~sér~~ ráði í firðinum væri
helzt að hugsa ~~sér~~ Sýslum. Espolin á Frosta-
stöðum, en eg hefi ekki heyrt þess getið
að hann hafi lagt sig taka stund á að
rækta jarðepli. Síðan jarðepli fluttust til
norðurálfunnar hafa myndast af þeim
mjög margar tegundir, sem að ýmsu eru
hinni upprunalegu kartöflu frábrugnar
þannig er talið að hinar ýmsu jarðepla-
tegundir muni vera talsvert á annað
hundrað, og eins og gefur að skilja eru
ýmsar af tegundum þessum mjög frábrugn

hver annari bæði hvað stærð, lit og gæði snertir. Einhver sú stærsta kartöflutegund sem til er, er nefnd Non plus ultra.

Jarðeplategund sú sem mest hefir verið ræktuð hér á Íslandi og sem nú eru kölluð íslenzk jarðepli eru kornitaptegund er nefnist ~~Eng~~ Enskjarðepli, og er hún sérstaklega bragðgóð og sterk-rík. Ég hefi nú í fáum orðum drepið á helztu atriði í sögu jarðeplanna, og ætla ég það nægi til þess að sýna hve þessi litla hnúð hefir átt erfitt uppdráttar.

Ræktun jarðeplanna.

Allir þeir sem rækta vilja jarðepli ættu að láta sér annt um að flýta vexti þeirra sem unnt er; en það er með því að láta þau sem kallað er spíra. Séu þau hæfilega mikið og jafnt spíruð þá þau eru sett niður, þá styttist dátíminn töluvert, og spíringin hefir þannig sömu þýðingu fyrir jarðeplin, sem vermibeð fyrir aðrar jurtir.

Sökum þess að það er dálítil vandhæfni með jarðepla spíringu ætla ég mér að minnast með fáum orðum á þetta sérstaklega.

Jarðepli skal taka 14-20 dögum áður en sett er niður. og gæta þess vandlega að allar þær kartöflur sem til útsæðis eiga að vera séu óskemmdar, því ekki skyldi nota til útsæðis nema þau jarðepli sem óskemmd eru og skulu þau leggjast í trog eða kassa, en eigi of mjög þétt, helzt eigi nema 2 lög, sé haft ~~meira~~ meira í hverju íláti, þá skal hafa hey á milli laganna, og raða kartöflunum í lögin í ílátunum en ekki má láta þær liggja þétt saman, og betra er að hafa hey á botni ílátanna og eins ofan á efsta jarðeplalaginu. Ílátin með kartöflunum skal svo láta á hlýjan stað t. d. í fjós eða annarstaðar þar sem hiti er hæfilegur en hann er það ef hann er ca 10-14°C. Síðan er ílátið látið standa ~~kyrt~~ kyrt þangað til að spírurnar eru orðnar 1/2-1 þuml. langar, en þá skal taka þær og flytja á annan stað kaldari, ef ekki er hægt að setja niður þá þegar; en bezt er að

geta sett strax niður þá hæfilega er spírað, þ[illegible]
annars er hætt við að endar spíranna visni
Þar svo að spírurnar verði að mun lengri en
hér hefi verið til tekið, eða visni spíru endin[illegible]
áður sett er niður, þá skal, þá skal skera
klippa af endunum áður en sett er niður.
Vanalegast er að setja jarðepli niður í hrygg[illegible]
sem þannig eru til búnir að mokaðar eru götur
með 12 – 16 þuml milli bili og moldinni úr
götunum myndar því talsvert mikinn moldarhr[illegible]
, sem jarðeplin eru síðan lögð í.
Einnig má setja jarðeplin niður í beð, og
hygg eg það sé betra, mest fyrir þá sök að
þá er tæplega hætt við að vatn geti gr[illegible]
að jarðeplunum. Sé sett niður í beð álít eg
best að hafa eigi nema eina röð af Kar-
töflum í beði, t. d. þannig að fyrst sé mæld
breidd beðsins, sem skal vera 1 fet, síðan er
mæld breidd næstu götu sem sé 1 fet, þá
næsta beðs og svo koll af kolli. Hve dj[illegible]
skal setja jarðeplin niður er mjög mikið
komið undir ýmsum kringum stæðum, se
gremma sett niður og hætta sé má ekki af
frostum skal setja nokkuð djúpt eða 5 – 6 þ.
Aftur á móti sé orðið á liðið þegar sett er
niður þá þarf eigi að setja eins djúpt, eður
sem svari 3 – 5 þ. eftir atvikum, því eftir því
sem grynnra er sett niður kemur fyrr upp,
en eftir því sem fyrr kemur upp þarf að
hyrða betur um að hlú að Kartöflu grasinu,
(Hyppa) strax og upp fer að koma
Þegar verið er að setja jarðepli niður
þá verður að fara mjög gætilega með Kartöfl-
urnar, til þess að spírurnar brotni ekki af,
hvorki við flutning frá geymslu staðnum,
ellegar þá verið er að taka þær upp eða að
láta þær niður, sömuleiðis er talin varða
vandi að leggja Kartöfluna í moldina, því
það er alls ekki sama hvernig hún er látin,
það þarf að sjá um að hún sjálf snúi rétt,
einnig að sjá um að hinar lengstu og þroska
mestu spírur snúi til hliðar, en þó nokkuð
uppá við (segjum mitt á milli lár. og lóðrétts)

jarðvegar sá sem jarðepli þurfa eða þrífast
best í þarf að vera frjófsamur, helst samblað
allra jarðtegunda, leir, mold og sandjörð
ar, reyndar geta þær orðið stórar í mold
og torfjörð, og stærri en í sandjörðu
þau verða þá vatnsnein og ~~vatnsor~~ bragð
verri og hættara er við að sjúkdómar
skemmi þau ef ekki er nokkuð af sand
i moldinni. Aldrei skyldi bera nýjan
áburð í Kartöflugarða því þær þola hann
eigi. Bestur áburður fyrir ~~þær~~ er safnhaug
áburður ef hann var til, afrak af túnum
vel brunnin mykja eða annað því umlíkt
Ekki skal setja jarðepli niður fyr en
veðuráttan er orðin nokkurnveginn hlý og
jörðin þýð. Reyndar verður reynslan
að kenna hverjum einum að sjá það
hvenær jörðin er orðin hæfileg til þess að
taka á móti útsæðinu, og aðrar reglur
ekki hægt því viðvíkjandi að gefa, en
þær, að gjöra það heldur seinna en of
snemma til þess að frostin eyði leggj

ekki útsæðið.
Til útsæðis skyldi helst nota Kartöflur
af meðal stærð og mun þá láta nærri að
á dag sláttu stærðan garð þurfi 2½ - 3 tunnur
af útsæði.
Þegar að blöð jurtanna eru orðin svo
stór að nemi 2-3 þuml. á lengd, þá skal
hrúga mold að leggjum þeirra, svo þeir fari
í Kaf en umfram allt verður að gæta þess
að mold falli ekki á sjálft blaðið. Svo þegar
jurtin er orðin svo stór að hætt er við að þau
leggist útaf, sem vanalega mun vera
eptir 14-21 daga, þá skal hrúga að í ann
að sinn, einnig mun eigi veita af að hrúga
að þeim í þriðja sinn einhverntíma um
mitt sumarbil. Með því að hrúga að
jarðeplum fæst betri uppskera, en sé það
ekki gjört, því jurtunum er það eðlilegt að
losuð sé moldin um rætur þeirra, þá getur
og frá leggjunum neðan verðum sprottið
jarðepli, sem annars fæddu ekki þróast

Einnig er það skaðinn mamma að atkvæðum varni hinni alþekktu jarðepla sýki, sem svo víða hefir gjört stórtjón um Norðurálfuna. Hér á landi hefir sýki þessi gjört mjög svolítið vart við sig, svo ekki er ástæða til þess að forðast jarðepla ræktina fyrir þá sakið. Til skýringar skal þess þó getið að eptir nýjustu rannsóknum er það sannað, að veiki þessi er sakast af sveppi sem á latínu er nefndur Peronospora.

Eptir það að hrugað hefir verið að jarðeplunum í síðasta sinn þurfa þau vanalega ekki aðra hyrðingu en að upprætt sé ill gresið. Þegar líður að hausti og blöðin fara að falla má ef vill skera eða slá blöðin af, þroskast jarðeplin engu að síður fyrir það.

Helzt skyldi [ ] taka jarðeplin upp í þurru veðri og betra er að sól nái eigi mikið til þess að skína á þau, eins ríður mjög á því að þurka vel jarðeplin áður en þau eru lögð á geymslustað sinn, og er bezt að gjöra það þannig, að láta þau liggja útbreidd á gólfi, þar sem loptgustur er nokkur og láta þau vera þar nokkra daga, við þurkun verður yfirhúðin sterkari, og jarðeplin rotna síður að vetrinum.

All góða uppskeru má telja það, ef fæst 15-20 föld uppskera, en hér á landi hefir þá fengist margfalt meiri uppskera, allt að þrítugföld eða jafnvel meiri; og samsvarar það hérumbil 100-120 tunnum af dagsláttu.

## Misgrip.

Hermaður nokkur segir svo frá:

"Eg var í Fridericia á friðnum við þjóðverja 1849, þar dá eg og var grafinn á heiðarlegan hátt og hjartnæm líkræða var haldin yfir mér. En þrátt fyrir þetta gekk eg þó aptur og var ~~grafin~~ í mörgu helgar slóðar orustu eptir það. Eg skal nú segja ykkur hvernig þetta

atvikadist.

Þegar Þjódverjar gerdu áhlaup á borgina og brendu mikinn part hennar til ösku, var ég í slökkvilidinu. Ádur hafdi ég verid pjátursmidur, en þegar Þjódverjar tóku ad skjóta á borgina, kom ein sprengikúlan nidur í rúmid, þar sem húsbóndi minn pjátursmidurinn og kona hans sváfu, og sprakk þar í rúminu milli þeirra og þeytti þeim í smáögnum, sinn til hverrar handar út í veggina og kveikti um leid í verksmidjunni, svo hún brann til kaldra kola og ég var atvinnulaus. Þid þekkid þad vel ad eitthvad verdur til bragds ad taka, þegar ekkert fæst ad gjöra og hungrid ætlar ad sálga manni. Ég fór því til slökkvilidsstjórans og baud honum þjónustu mína. Ég vard þess strags var ad hann vantadi mann, og var hann því fús á ad taka mig. Þad eru fáir sem hafa gaman af ad klifra upp bratta stiga og brennandi hús í kúlnaregni óvinanna. „Erud þér gódur ad klifra upp bratta stiga og logandi hús?“ spurdi hann. „Já“ svaradi ég eins og köttur lidugur. „Hafid þér nokkra æfingu ad fara med slöngur?“ „Já“ sagdi ég. Ég hefi átt í orustum tvö næstlidin ár.

Þad er ágætt sagdi hann þér skulid fá atvinnu, ég tek ydur í slökkvilidid, en laun fáid þér ekki fyrsta mánudinn, medan þér erud ad æfast. Svona komst ég í slökkvilidid úr pjátursmida verksmidjunni, en æfin var þar ekki gód, lítid og illt ad borda og húsbrennanir hvíldarlaust og byssukúlum og sprengikúlum rigndi nidur frá óvinunum dag og nótt, en verst létu þeir frá 16–20 maí, því þá skutu þeir hvíldarlaust, eins og þeir væru ordnir vitlausir, og margir af lagsmönnum mínum hættu ad draga andann þá daga, sumir duttu nidur úr háalopti í brennandi rústirnar, eda þeir tvístrudust í smáagnir úti loptid med sprengikúlunum, en mér var meira um heidurinn og lífid ad gjöra en svo ad ég gjördi þad. „Státtu beinn Boyde“ sagdi ég vid sjálfan mig og berdu þig kallattan. En eitt kvöld

var ég þá svo þreyttur, að ég naumast gat
staðið. Ekkert hafði ég fengið að éta eða drekka
þenna dag og heimili átti ég hvergi. Rakst ég
þá á hús sem brunnið hafði fyrir bruna og
kúlnaregni; skreið ég þar þá undir nokkrar fjalir
og komst svo þannig niður í kjallarann.
Þegar ég fór að þreifa þar fyrir mér, fann
ég kvartil með besta romminu í. Á ófriðar
tímunum er hvorki spurt um eiganda eða
trúarbrögð, en ég skolaði reykinn og öskuna
rykið úr kverkunum með romminu, ef til
vill um of, en gott var það, og gott var það
einnig að hálmur var á gólfinu, því ég valt
út af og svaf þá nótt alla og nóttina þará
eptir og raknaði fyrst úr rotinu á fjórða
degi, var ég þá svo þyrstur að ég hélt að ég
væri orðin að logandi húsi, eins og þau voru
sem ég var að fást við áður en ég sofnaði;
við þetta bættist að loptið í kjallaranum var
fúllra en í dauðra manna gröfunum, svo
ég flýtti mér út til þess að fá mér hreint
lopt og kalt ~~lopt~~ vatn. . .

Varð mér þá reikað fram hjá kirkjugarði, og
sá ég þar mikinn hóp af hermönnum við greptr-
un, og vissi ég að þeir voru þar í heiðursskyni við
hinn framliðna; vildi ég því forvitnast um
hver þessi heiðurs maður væri, sem fallið hefði
í orustunni. Þegar ég kom að gröfinni, var
presturinn að þylja fjarska hjartnæma ræðu,
svo tárin streymdu í lækjum niður eptir
kinnum áheyrendanna. „Sá maður sem hér
hvílir, sagði presturinn var fágætur og ágætur
maður, skyldurækinn og skikkanlegur fremur
en flestir aðrir; hann hafði brennandi ást á
sínu föðurlandi, og hann innsiglaði þessa
ást með dauða sínum fyrir föðurlandið.
Nú er sál hans í sælu hjá himnaföðurnum."
Margt fleira fagurt og áhrifamikið sagði prest-
urinn. Skemtilegt er að fá svona eptirmæli
sagði ég við hermann einn er stóð hjá mér; það er
næri eins gott að fá svona fallega ræðu eins og
éta salta sýld og snaps þegar maður er svangur.
Ég var glorhungraður) En hvaða heiðurs mann er
verið að jarða. „Það er maður úr slökkviliðinu

Brydi að nafni" hvíslaði hermaðurinn að mér.
Brydi – Brydi úr Slökkviliðinu – nei það er lýgi
sagði ég og hélt hann væri að gabba mig, en í
því nefndi presturinn nafn mitt, og taldi upp
ýms dyggða verk, sem ég hafði átt að gjöra,
en sem mér hefði náttúrlega aldrei dottið í hug
að gjöra, og loks endaði hann ræðu sína, með
þeim orðum að allir mundu ganga frá gröf
þessari með djúpri hryggð, með því hún hefði
að geyma einn af föstur jarðarinnar bestu og
ötrauðustu sonum Slökkviliðs sveininn Bryde.
Nú þoldi ég ekki mátið lengur, og ruddist í
gegnum mannþröngina að prestinum og
þetta er helber lýgi prestur góður, ég er ekki
dauður, og því síður svo góður sem þér seg
ið, að öðru leiti þakka ég yður fyrir þau fallegu
orð sem þér hafið ~~haft~~ sagt.
Presturinn og djákninn gláptu á mig standandi
hissa, og allir sem næstir voru urðu forviða.
"Viljið þér raska friði grafarinnar og vanhelga
hátíðlega athöfn„ sagði presturinn. „Nei engan
veginn" svaraði ég. En fyrst ég kom til míns

eigin jarðarfarar fyrirvaralaust, þá sýnist mér
sanngjarnt að ég mætti tala fáein orð, úr því að ég
hefi enn eigi misst málið. „Farið þið burt með mann
inn hann er fullur eða vitlaus" sagði prestur. „Nei nei
það er nú einmitt það sem ég er ekki„ sagði ég. Ég
er hvorki dauður fullur eða vitlaus, en það sem ég
er; er að ég er þjáturinn Brydi. Hef legið í fylli-
ríi niðri í kjallara í tvo sólarhringa, og svo hafið
þið tekið einhvern sundurtættan skrokkræfil og
haldið það væri ég" „Hvaða ópakki er þetta þá
sem við stöndum hér yfir og ætlum að kasta mold
á. sagði prestur öskureiður svo að prestakraginn
stóð beint upp með eyrunum. „Yðar velæruverðugheit
mega spyrja annan að því en mig sagði ég", en
í því ég mætti þessum orðum kippti djákninn
í hempu prestsins og sagði eitthvað við hann á
fri mia latinu, sem ég ekki skildi. Vék prestur-
inn sér þá að mér og spyr mig. "Getið þér sannað
að þér séuð lifandi?. Mér hnykkti við og næstum
því fjellust hendur, því á æfidartímanum er það
enginn hægðarleikur að sanna að maður sé lif-
andi. Mér þótti ákaflega leiðinlegt ef það yrði

framad ganga, ad ég þyrfti ~~framad ganga~~ bráðlifandi ad standa yfir mínum eigin moldum, en þá vildi mér það til allrar hamingju ad bródir minn Jens gekk fram hjá Kirkjugardinum. Ég kalladi til hans og sagdi: Heyrdu kondu hjerna Jens! „Hver er ég“ – það veistu sjálfur eda ertu ordinn vitlaus svaradi hann. Það kemur þér ekkert við þó leiðir mig úr miklum vanda ef þú segir nafn mitt. „Og hver er ég“ – þú heitir Niels Boyde og ert þjátursmiður og slökkviliðs madur frá „Vidinesi“ segir hann og þar með var lokið jardarförinni. En eftir kaút hafdi hún þá fyrir mig, því Jens bródir og allir hinir heimtuðu mér erfidisdrykkjuna, og þá var ekki annad hendi nær en rommkvartilið, enda hættum við ekki við það fyr en búið var úr því, og það er getan mín, að sjaldan muni hafa verið setin fjörugri erfisdrykkja en þessi var. En aumingja presturinn fékk ekkert fyrir líkrædunna frá hjartnum vori.

T.

## Svar til H. E. (í tilefni af gr. hans í Fjallfara)

# Öfugur hagnadar háttur

Nú fyrir skemmstu birtist í Fjallfara grein eftir H. E. med fyrirsögninni: „Öfugur hagnadar háttur“ og ber gr. höf. þar nokkrum ordum um hversu óhagsýnt það sé, fyrir þetta sveitarfélag ad bændur skuli leggja svona mikla stund á hrossarækt og ala upp þenna mikla hrossa fjölda, og eftir áliti höf. þar med eidileggja búfjárhaga sína, og af því ad fleiri raddir hafa en ekki látið til sín heyra vil ég leytast við ad verda við tilmælum hans, þó við verdum honum ske ekki ávallt samdóma. Eins og höfundur gr. einst álítur höf. ad hrossin eidileggi ad mestu leiti hagana þar sem þessi fjöldi gengur, og í þá verdi nærmast beitt ödrum skepnum, og ennfremur stór skemmdi engin, en um það hlýt ég ad efast, þegar ég tek tillit til þeirra sveita, sem mestan hrossa fjölda hafa til framfærslu; ég vil ad eins nefna Blönduhlídina. Um mörg ár hefir þessi sveit ordið ad búa undir þessu hrossa fargi, og litlar menjar sjást þar enn um ad landið gangi í örtröð, og ganga þar

þá á engjum manna á vetrum jafnt sem
annarstadar, og ekki mundu Blöndhlidingar
taka jafnmörg hross af utansveitarmönnum
ef reyndin hefdi sýnt þeim ad hrossin eid-
legdu ad mestu afurdir jardarinnar.

Svo sem flestum mun kunnugt þurfa
gróð til framþróunar og lífsviðurhalds viss
næringarefni, og flest þessi næringarefni
geta þau fengið frá dýrunum (af saur þeirra,
öndun, af öndun dýranna fá þau köfnunar
efni, sem er þeim lífsnauðsynlegt lofttegund)
en saurinn innibindur ýms næringarefni
fyrir þær sem leysast upp í rigningum og [illegible]
og ennfremur gefur ad skilja ad hrossin bita ~~[illegible]~~
sinuna ad vetrinum, sem stendur í vegi fyrir öllu
nýrri og fullkomnari jurtagróða, en hefir sjálf
mjög lítið næringargildi. Það er því ekki svo
lítið sem hrossin gefa grasinu til lífsviðurhalds.

Þessi skoðun mín styðst við margra ára reynslu
ýmsum stöðum t. d. Miklabæjarnesi í Blönduhlíð
Á því þar gengur afar mikill hrossasvermur, þ[ar]
þad eitt hvert mesta og besta engi í allri sveit-

[sve]ni, og aldrei er þar sina í heyi svo teljandi
[sé], þó blettir sem sé ekki alltaf slegnir undan
[f]arandi sumar, og sama er ad segja um hagana
í greindri sveit. Sömu hagana og hrossin ganga
á vetrum hljóta sveitamenn ad beita ~~bú~~ fé sínu á
sumrinu og hefir þó fénadur í þessari sveit, borid fullt
eins gódan ard og annarstadar. Eftir þessu finnst mér
engin hagnadarvon fyrir menn ad hætta vid hrossaræk-
[t]ina, sem hefir reynst eins kostnadarlítil og ardberandi
fyrir okkur Skagfirdinga. Hvad sérstaklega áhrærir þessa
sveit Reykjast. eru ad vísu margir annmarkar hér fremur
en annarstadar, en varla munu hrossaeigendum hér reyn-
ast betur ad hætta vid þessa mjög ardberandi fénadar-
rækt. Höf. bendir á ad hagfelldara mundi fyrir bændur ~~ad~~
hér ad stunda meir sauðfjárrækt í stad hrossa, en eftir
[á]stædum, get ég naumast búist vid, ~~nú bráð~~ ad Reyk-
~~Strendingar~~ strandarbúar geti nú í bráð alið þann
sauðfjár stofn, er gefi eigendum eins mikinn ~~stofn~~
ard árlega og hrossastofn þeirra nú. Reykjaströnd
er, sem kunnugt er mjög engjalítil sveit, og enn
fremur gengur bændum hér mjög illa ad vinna upp
[s]ínar litlu engjar, svo lítil von er til þess ad
bændur geti aflad svo mikilla heyja, sem naud-

kynlegar gjörðir til fóður tryggingar auknum sauðfjár stofni. Menn munu nú segja, að hrossa eigendur verði ~~að~~ líka að tryggja sér fóður fyrir þau, og hvorki sé hyggilegt eða mannúðlegt að setja þau einungis á Guð og gaddinn, og er það alveg satt. En léttara mun optast verða að fóðra hrossin en sauðféð, og ef menn ætluðu hrossunum afar lítið af heyi á hverju hausti, mundu menn opt ekki þurfa þess nú í góðum vetrum, og þannig safna í forðabúr til þeirra vetra.

Einhver mun nú segja að Reykjaströnd sé ekki vel fallin til hrossa ræktar, sökum haga skorts einkum á vetrum, og er það að vísu satt, að hér er alls ekki völ á góðum hrossahögum, en þó má ráða bót á því, að koma stóðhrossunum í sumar haga göngu á vetrum, sem virðist mjög vel svara kostnaði fyrir hrossa eigendur. K. E. gjörir ráð fyrir að stóðhross Reykstrendinga muni vera um 70 og er það víst heldur mikið. Eg [illegible] að vísu ekki því vægsum ar reikna afurðir af þessum hrossa stofn, er hljóta að vera talsvert miklar, en það þykist eg vita að langt muni þess að bíða, að Strönd ungar ge[illegible]

fóðrað þann sauðfjár stofn, er bætti bændum þeirra þann tekju halla, sem þeir gjörðu fyrir, ef bændur hætti að eiga stóðhrossin.

Þessar fáu línur ætla eg að biðja þig fyrir til meðferðar Fjallfari sæll, og vonast þess fastlega að því bætist æ fleiri ritgjörðir um þetta mál eftir innan skamms.

Halldór E. Jónsson.

## Bessaleyfi

Það þykir má ske sumum óþarfi, að eg hefi, bæði í fyrra og nú, tekið mér það Bessaleyfi að breyta titilblaði Fjallfara. En það hefi eg ~~gjört~~ gjört þess vegna, að mér þykir óviðfeldið að dagblað eða sveitablað byrji á þessari setningu: „Kemur út annan hvern laugard. o.s.fr." Þar næst: „Uppsögn skrifleg, ógild o.s.fr. Fjallfari."

Eg hefi auðvitað ekki séð mörg dagbl. eða sveita; og heldur aldrei neitt með svona kynlegu titilblaði fyr en þessi góði Fjallfari byrtist meðal vor. Amen. Einar Guðm.